

Rekstraraðili innkaupa

Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir
Agla Margrét Egilsdóttir

Innkaup

Nursinghome in Akureyri - Þursaholt
25-0275

Tilkynning um töku tilboðs

Ágæti viðtakandi,

Hér með tilkynnist að tilboð nr. 2 frá 5301170300, Reitir Atvinnuhúsnæði hefur verið samþykkt, þar sem það var metið hagstæðast fyrir kaupanda samkvæmt valforsendum útboðslýsingar. Með samþykki tilboðsins er kominn á bindandi samningur milli aðila, sbr. 3. mgr. 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016.

Reitir Atvinnuhúsnæði (tilboð 2) bauð næstlægsta verð og hlaut 79,46 stig af 80 mögulegum fyrir verð. Þá bauð Reitir Atvinnuhúsnæði skemmstan afhendingartíma og hlaut 20 stig af 20 mögulegum fyrir þann þátt. Tilboð 2 frá Reitir Atvinnuhúsnæði hlaut því flest samanlögð heildarstig gildra tilboða samkvæmt valforsendum útboðsskilmála, eða samtals 99,46 stig.

Í tilkynningu um val tilboðs var tilgreindur tíu (10) daga biðtími, sem lauk þann 25. júní 2026. Engin kæra barst Framkvæmdasýslunni - Ríkiseignum innan biðtímans og var kaupanda því heimilt að ganga til samnings við Reiti Atvinnuhúsnæði frá og með 26. júní 2026, sbr. 1. mgr. 86. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.

Í útboðsskilmálum var jafnframt áskilinn réttur til að fresta töku tilboðs og hliðra viðkomandi frestum, lægi rekstraraðili ekki fyrir á þeim tímapunkti sem gert var ráð fyrir. Þar sem rekstraraðili lá ekki fyrir fyrr en í lok ágúst dróst formleg taka tilboðs samkvæmt því. Tímalína verkefnisins hliðrast jafnframt til samræmis þessu.

Í XI. kafla laganna er fjallað um kærunefnd útboðsmála, þar á meðal kærufresti og réttaráhrif kæru. Lögin eru aðgengileg á vef Alþingis.

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir þakkar fyrir þátttökuna.